

Drög 14. janúar 2016

Vegagerðin kt. 680269-2889 annars vegar og Garðabær kt. 570169-6109 hins vegar gera með sér svohljóðandi

SAMNING

vegna framkvæmda við Arnarnesveg.

1. grein

Samningur þessi fjallar um kostnaðarskiptingu á milli aðila um samstarfsverkefnið „**Arnarnesvegur (411) Reykjanesbraut - Fífuhammsvegur**“

2. grein

Kostnaðarskipting byggir á tilboði verktaka við framkvæmd verksins samkvæmt útreikningum ráðgjafa, sjá betur fylgiskjal frá Hnit dags. 16.06.2015 Áætlaður framkvæmdakostnaður er 768,9 m.kr. Verklök 1. október 2016.

Kostnaðarskipting er í samræmi við leiðbeiningar sem Vegagerðin gaf út 8.11.1999 og heita „Þjóðvegir í þéttbýli- leiðbeiningar um skiptingu kostnaðar“. Kostnaður sem fellur til vegna lagna veitustofnana er innifalinn í heildar framkvæmdarkostnaði í kostnaðarskiptingu ráðgjafa sem þessi samningur tekur mið af. Vegagerðin ber ekki ábyrgð á þeim kostnaði í samræmi við 18. gr. Vegalaga nr. 80/2007, heldur viðkomandi veitustofnun eða Garðabær eftir því sem við á samkvæmt nánara samkomulagi þeirra í milli.

Í útboðslýsingu er kostnaður vegna efnis, sem verkkaupi leggur til tilgreindur sérstaklega. Sá aðili, sem leggur efnið til ber kostnaðinn, þegar um efni er að ræða sem nýtist honum einum.

3. grein

Vegagerðin hefur boðið verkið út og mun hafa með því umsjón og eftirlit. Eftirlitið verður aðkeypt frá Mannvit hf. Öll samskipti við ráðgjafa verktaka, veitustofnarnir og aðra hagsmunaraðila er á hendi Vegagerðarinnar.

Garaðbær mun eiga samskipti við íbúa á verk tíma ef til þess kemur og að svara fyrirspurnum og halda íbúum upplýstum um verkframvindu.

4. grein

Á framkvæmdatíma mun Vegagerðin greiða verktakareikninga og síðan senda reikning á Garðabæ samkvæmt framvindureikningum verktaka með verðbótum. Hlutfallsleg skipting reikninga liggur fyrir og er eftirfarandi:

	Heild	Vg.	Kóp.	Gb.	OR	Míla
Jarðvinna og vegagerð	645,0					
Undirgöng við R.braut	43,8					
Undirgöng við Þorrasali	51,6					
Sameiginlegir skurðir	23,6					
OR, hitaveita	2,1					

OR, rafveita	2,4					
Míla	0,4					
Samtals	768,9	580,4	152,4	22,5	12,9	0,7
Hlutfall	100%	75,5%	19,8%	2,9%	1,7%	0,1%

Allur kostnaður verksins skal skiptast milli aðila í þessum hlutföllum, þar með talið kostnaður vegna hönnunar, eftirlits og þjónustu ráðgjafa á verktíma.

5. grein

Umsjónarmaður Vegagerðarinnar verður Magnús Einarsson og að hálfu Garðabæjar Eysteinn Haraldsson. Hvor aðili ber kostnað af eigin starfsmönnum sem vinna við stjórn og eftirlit verksins. Biðji aðili að verkinu um viðbótarverk, sem tengist hinum ekki, greiðir hann þann kostnað, sem af því hlýst.

6. grein

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, eitt handa hvorum aðila.

Reykjavík / 2016

F.h. Vegagerðarinnar

F.h. Garðabæjar

.....

.....

Vottar að rétttri dags. og undirskrift:

.....

kt.:

.....

.....

kt.:

.....